



23. ágúst 2023
Tilv.: 2308058

Dreifibréf nr.: 40/2023
til lánastofnana og lífeyrissjóða

Efni: Kaup á fyrstu fasteign samkvæmt reglum um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda

Samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda, nr. 550/2023, er hámark veðsetningarhlutfalls almennt 80% en 85% vegna kaupa á fyrstu fasteign. Reglurnar eru settar á grundvelli 25. gr. laga um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laganna skulu reglurnar heimila aukið svigrúm við veitingu fasteignaláns til fjármögnunar á fyrstu fasteign. Með fjármögnun kaupa á fyrstu fasteign er í reglunum átt við veitingu fasteignaláns til neytanda sem ekki hefur áður verið þinglýstur eigandi íbúðarhúsnæðis.

Seðlabankinn vill koma því á framfæri að 85% hámarks veðsetningarhlutfall gildir einnig við endurfjármögnun fasteignaláns, sem hækkar höfuðstól lánsins, vegna fasteignar sem taldist fyrsta eign neytanda þegar lán var upphaflega veitt.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Haukur C. Benediktsson
framkvæmdastjóri
fjármálastöðugleiki

Einar Jón Erlingsson
sérfræðingur
fjármálastöðugleiki

